



Borgarráð Reykjavíkur

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um sameiningu starfsemi hverfastöðva á Fiskislóð

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um sameiningu starfsemi hverfastöðva á Fiskislóð dagsett 30. janúar 2020 – R20010385. Fyrirspurnin er svohljóðandi: „*Hvers vegna voru starfstöðvar garðyrkjudeilda á Klambratúni og á Njarðargötu sameinaðar í einni stöð á Granda? Ef sameiningin er á grunni hagræðingar – hvað er þá sparnaðurinn áætlaður á ársgrundvelli?*“

Hverfastöðin við Njarðargötu var tekin í notkun árið 1989 og er því orðin yfir 30 ára. Þar hefur verið rekin hverfabækistöð gatnamála en við Klambratúni hefur verið rekið garðyrkjudeild vesturhluta borgarinnar. Húsakostur þessara starfstöðva var orðinn mjög lélegur, sérstaklega á Klambratúni. Á þessum 30 árum hefur eðli og umfang reksturs hverfastöðva gatnamála og verkbækistöðva garðyrkju einnig breyst mikið og ekki síst í miðborginni með stórauðnum ferðamannafjölda og viðburða ásamt vaxandi kröfum borgarbúa almennt varðandi umhirðu borgarlandsins.

Í fyrirspurninni er spurt hvers vegna þessar stöðvar voru sameinaðar. Umhverfis- og skipulagssvið tók til starfa um áramótin 2012 og 2013. Með tilkomu umhverfis- og skipulagssviðs var starfsemi nokkurra sviða sameinað í eitt stórt fagsvið sem hefur með höndum umhverfis, - tækni,- og skipulagsmál fyrir Reykjavíkurborg. Sviðinu er skipt upp í skrifstofur og er skrifstofa reksturs og umhirða borgarlandsins (SRU) þar á meðal. Við undirbúning og mótn SRU var tekin sú ákvörðun að skipta borginni í þrjá megin þjónustuhluta, vesturhluta (svæðið vestan Reykjanesbrautar) og austurhluta (svæðið austan Reykjanesbrautar) ásamt miðlægri þjónustumiðstöð borgarlandsins. Verkefni þessara skipulagsheilda eru að nokkru leyti ólík, bæði hvað varðar þjónustu og verksvið. Svonefndar hverfastöðvar vesturhluta og austurhluta sjá um ýmis verkefni í viðeigandi borgarhlutanum svo sem viðhald götugagna og yfirborðs, hluta af vetrarþjónustu, hreinsun á rusli í borgarlandinu og garðyrkju. Þjónustumiðstöð borgarlandsins hefur annars konar verkefni á höndum sem ná þvert yfir borgina svo sem miðlæga vetrarþjónustu, hreinsun gatna- og stíga, skiltamál, rekstur umferðarljósa og grasslátt svo eitthvað sé nefnt. Eitt af því sem ákveðið var þegar SRU var mótað var að gera greiningu á möguleikum þess að sameina hverfastöðvar garðyrkju og gatnamála í eina stöð í borgarhlutanum, austur og vestur. Til að ná samstöðu um þessa hugmynd var haldinn samráðsfundur um málið á haustdögum 2015 en þátt tóku borgarfulltrúar og lykil stjórnendur innan umhverfis- og skipulagssviðs sem hafa beina aðkomu að málinu. Skýrslu frá ráðgjafa fundarins (KPMG) og þeirra hugmyndavinnu og samráðsvinnu sem fór fram á fundinum var skilað inn í desember sama ár. Niðurstaða samráðsins var að hagkvæmasta lausnin á húsnaðismálum hverfastöðva SRU væri ein sameiginleg stöð gatnamála og garðyrkju í báðum hverfahlutum, þ.e. tvær stöðvar sem myndu þjónusta borgarlandið miðað við ofangreinda skiptingu borgarinnar í vestur og austur. Á þessum tímamarki var ákveðið að Þjónustumiðstöð borgarlandsins skyldi halda áfram í núverandi mynd við Stórhöfða/Svarthöfða. Þegar niðurstaða lá fyrir var hafist handa við sameiningu stöðvanna. Ákveðið var að byrja á því að sameina starfsstöðvar í vesturhluta borgarinnar. Hér undir var hverfastöðin við Njarðargötu, verkbækistöð garðyrkjunnar á Klambratúni og verkbækistöð garðyrkjunnar í Laugardal. Þó var ákveðið að garðyrkjan í Laugardal skyldi vera áfram sem útstöð sameiginlegrar stöðvar enda nauðsynlegt að hafa aðstöðu á miðju þjónustusvæðisins. Ákveðið var að byggja hina nýju sameinuðu

hverfastöð við Fiskislóð og hófust framkvæmdir um mitt ár 2018. Þeim lauk ári seinna og hófst flutningur á Fiskislóð haustið 2019 og stendur enn yfir enda mikil vinna að flytja muni og tæki á nýtt útisvæði við Fiskislóð.

Ástæða fyrir þeirri hugmynd að sameina hverfastöðvar í Reykjavík með ofangreindum hætti eru margþættar. Allar stöðvarnar voru orðnar börn síns tíma og úrehtar fyrir hlutverk þeirra í dag og uppfylltu ekki lagaskyldur eða lágmarkskröfur um aðbúnað starfsfólks. Hér mætti nefna að húsnæðið var orðið of lítið, útisvæði/geymslusvæði of lítið og aðstaðan uppfyllti á engan hátt nútímakröfur um aðbúnað starfsmanna og umhverfismál líkt og fyrr er nefnt.

Hér að neðan eru nokkur atriði sem vert er að nefna varðandi skort á aðstöðu starfsfólks:

- Sturtuadstaða var ófullnægjandi
- Búningsherbergi var ekki tvískipt (konur og karlar) og var einnig of lítið
- Ekkert kvennasalerni
- Ekkert salerni með aðgengi fyrir fatlaða
- Eldhús var rekið á undanþágu þar sem það uppfyllti ekki kröfur um hollustuhætti
- Engin gámaadstaða til flokkunar á rusli sem hirt er af starfmönnum stöðvarinnar
- Engar olú- eða fituskiljur á útisvæði, við verkstæði eða eldhús
- Ófullnægjandi aðgengi fyrir hreyfihamlaða

Þegar litið er sérstaklega til hverfastöðvar vestur var ekki valmöguleiki að byggja upp á eldri lóðum nýja aðstöðu. Hverfastöðin á Njarðargötu var á lóð sem þörf var á að nýta í annað enda samræmist starfsemi hverfastöðvar ekki skipulagi svæðisins til lengri tíma. Því var ljóst að starfsemin hverfastöðvarinnar þyrfti að flytja. Engir möguleikar voru að byggja upp nýja stöð á Klambratúni enda hefði það ekki samræmst landnotkun á svæðinu eða getað uppfyllt skilyrði um stærð útisvæða sem dæmi. Með sameiningu stöðva voru einnig ákveðnir möguleikar á betri samræmingu og samvinnu ef allar stöðvar heyrðu undir eina starfsstöð, sérstaklega er varðar vinnutilhögun og verkefnaskipulag með betri nýtingu á starfsfólki og tækjum. Þegar saman var tekið þótti skynsamlegt og hagkvæmt að sameina þessar útstöðvar með ofangreindum hætti á nýjum stað enda í samræmi við samþykka stefnu um sameiningu útstöðva SRU sem lýst er hér að ofan.

Í fyrirspurninni er spurt að hver, og hvort, hagræðing sé með sameiningunni. Með sameiningunni skapast margir möguleikar á hagræðingu á næstu árum. Hér mætti nefna svigrúm til að nýta starfsfólk með breyttum hætti í verkefni og auka þar með skilvirkni verkefna, mikilvægt var að uppfylla lagaskyldur og nútímakröfur í aðbúnaði starfsfólks og tryggja sem best starfsaðstæður er varðar öryggis- og heilbrigðismál. Svo er umhverfismálin mikilvæg. Hér verður að taka fram að nýja húsnæði er Breem vottað sem er bresk umhverfissvottun bygginga. Þetta er mikilvægt skref í opinberri byggingu enda eiga þeir aðilar að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Betri aðbúnaður, vinnuumhverfi, vinnuvistfræði, ánægðara starfsfólk og bætt umhverfismál skila betra og árangursríkara starfi til lengri tíma lítið og að endingu munu fjármunir nýtast betur jafnvel í minni rekstrarkostnaði.

Hjalti J. Guðmundsson
skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins